

FUNDARGERÐ

339. fundur stjórnar HEF veitna ehf., haldinn á skrifstofu félagsins, þriðjudaginn 11. júní 2024 kl. 14:00.

Mætt eru:

Ágústa Björnsdóttir (ÁB), Hildur Þórisdóttir (HÞ), Ívar Karl Hafliðason (ÍKH), Vilhjálmur Jónsson (VJ) og Aðalsteinn Þórhallsson (AÞ) framkvæmdastjóri.

Ágústa Björnsdóttir stýrði fundinum.

Dagskrá:

- 1 Mengun í neysluvatni á Seyðisfirði
- 2 Árlegur fundur HEF með HAUST
- 3 Fjarvarmaveita Seyðisfirði, staða og næstu skref
- 4 Jarðhitaleit Eiðaðinghá
- 5 Bakreikningur Brúar – lífeyrissjóðs
- 6 Fjárhagur – staða
- 7 Viðskiptakröfur HEF
- 8 Verkefni í gangi / áætlanir
- 9 Nýafstaðnir fundir með heimastjórnnum
- 10 Starfsmannamál
- 11 Önnur mál
 - a. Sumarlokun skrifstofu
 - b. Greiningarvinna húsnæðis og aðstöðu
 - c. Samstarfsverkefni HEF veitna og Múlaþings

1 Mengun í neysluvatni á Seyðisfirði

Þann 22. maí voru tekin sýni úr vatnsveitunni á Strandarvegi og niðurstöður sýndu að gerlafjöldi var kominn niður í 26. Heilbrigðiseftirlit Austurlands, hafði stefnt á að ná þeirri tölu undir 100 og því markmiði þar með náð. Frekari sýnatökur voru ekki áformaðar og atvikinu þar með lokað.

Farið var í að setja einstefnuloka á bæði inntök bræðslunnar og var það gert þegar starfsemi þar leyfði og eru nú einstefnulokar á báðum inntökum. Að auki hefur bræðslan yfirfarið verkferla sína og ætti endurtekning á svona atburði frá bræðslunni að vera nánast útilokuð.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að fara yfir aðra starfsemi í sveitarfélaginu sem kann að geta valdið sambærilegu atviki, og tryggja að þar verði settir einstefnulokar séu þeir ekki til staðar.

2 Árlegur fundur HEF með HAUST

Fyrir fundinum liggur fundagerð af samráðsfundi HEF og HAUST. Fundurinn var mjög gagnlegur til að stilla saman strengi. Til upplýsingar.

3 Fjarvarmaveita Seyðisfirði, staða og næstu skref

Mikið hefur verið unnið í forsendum og kynningarefni fyrir verkefið.

HEF og Múlaþing sóttu styrk í EUCF verkefni Evrópusambandsins, sem kemur til úthlutunar á næstu mánuðum. Verkefnið er fjármagnað af LIFE áætlun ESB. Styrkirnir eru veittir til verkefna sem miða að því að þróa fjárfestingaáætlanir í þágu orkuskipta, aukinnar orkunýtingar og loftslagsmála. Upphæð styrksins er um nýu milljónir króna, auk þess sem styrkþegar fá sérhæfðan stuðning sérfræðinga við verkefnið sérsníðið að þörfum umsækjenda.

Stjórn óskar Védísi Vöku til hamingju árangurinn, með þökkum fyrir vel unnið verk.

Stærsti óvissuþáttur í fjarvarmaveituverkefninu er raforkuverð og afhendingaröryggi raforku. Aðlildarfélög Samorku eru með verkefnið í vinnslu.

Múlaþing mun á næstunni standa fyrir upplýsingafundi með íbúum á Seyðisfirði um verkefnið og framtíð fjarvarmaveitunnar.

Stjórn óskar eftir aðkomu SSA að málinu og felur framkvæmdastjóra fylgja því eftir.

4 Jarðhitaleit Eiðapínghá

Viðræður eru í gangi.

Til upplýsingar.

5 Bakreikningur Brúar – lífeyrissjóðs

Brú lífeyrissjóður hefur samræmt lífeyrisréttindi og hafið mánaðarlega innheimtu viðbótariðgjalda:

„...Tryggingafræðileg staða A deildar sjóðsins í árslok 2022 reiknaðist utan leyfða vikmarka laga nr. 129/1997 eða neikvæð um 10,8%. Í ljósi þess hefur sjóðurinn brugðist við og innleitt tillögur tryggingastærðfræðings sjóðsins sem fela í sér að framtíðarávinnsla réttinda hefur verið lækkuð sem og áunnin réttindi. Áunnin réttindi sjóðfélaga munu lækka um 10%, en lækkunin er framkvæmd með flatrí lækkun sem þýðir að réttindi verða lækkuð jafnt á alla óháð aldri sjóðfélaga. Samhliða mun lífeyrir lífeyrisþega lækka um 10% frá og með 1. janúar 2024. Lækkunin gildir þó ekki um barnalífeyrisgreiðslur.

Á næsta ári, frá og með greiðslu lífeyris janúarmánaðar ársins 2024, mun sjóðurinn hefja mánaðarlega innheimtu hjá launagreiðendum sem nemur 10% af greiddum lífeyri þessa hóps sjóðfélaga sem voru komnir á lífeyri 1. júní 2017 og orðnir 60 ára á þeim tímapunkti, sbr. ofangreint. Samkvæmt útreikningum sjóðsins er um að ræða 50 millj.kr. á mánuði eða um 600 millj.kr á ári samtals. Innheimtan verður til næstu áratuga eða þangað til þessi hópur sjóðfélaga hættir á lífeyri. ...“ [Hluti úr erindi Brúar lífeyrissjóðs til HEF veitna].

Stjórn hefur mótttekið erindið.

6 Fjárhagur – staða

Fyrir fundinum liggja gögn um fjárhagsstöðu félagsins 31. maí 2024. Ennþá eru vandamál með myndrænar birtingar úr bókhaldskerfinu sem HEF veitur keyptu af Wise. Biðin eftir uppfærslu/úrþótum er kominn langt fram yfir þann tíma sem reikna mátti með og telur stjórn það óviðunandi. Stjórn felur framkvæmdastjóra að leita annara leiða til að bókhaldskerfið mæti þörfum veitunnar.

7 Viðskiptakröfur HEF

Skerpt hefur verið á verkferlum innheimtu. Fjármálasvið hefur unnið með útistandandi kröfur undanfarið. Árangur hefur náðst í innheimtu nýlegra krafna, en lítið gerist í eldri kröfum.

Til upplýsingar.

8 Verkefni í gangi / áætlanir

Farið yfir verkefnalista félagsins.

Stjórn þakkar góða og upplýsandi yfirferð. Stjórn leggur áherslu á að undirbúningsvinna við hreinsivirki við Melshorn verði sett í forgang með það að markmiði að hefja framkvæmdir sem fyrst.

9 Nýafstaðnir fundir með heimastjórnnum

Fulltrúar HEF hafa undanfarnar vikur sótt fundi heimastjórna á Djúpavogi, Seyðisfirði og Fljótsdalshéraði. Á fundunum hafa verið til umræðu áætlanir um framkvæmdir sumarsins á Djúpavogi, fjarvarmaveitu á Seyðisfirði og mögulega aðkomu HEF að varmadæluvæðingu í dreifbýli á Fljótsdalshéraði og á köldum svæðum víðar í Múlaþingi.

10 Starfsmannamál

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu ráðninga, ekki hefur tekist að ráða í starf iðnaðarmanns. Málið áfram í vinnu hjá framkvæmdastjóra.

Sumarleyfatími er hafinn.

11 Önnur mál

a. Sumarlokun skrifstofu

Framkvæmdastjóri leggur til að sumarlokun skrifstofu verði frá 8. júlí til 6. ágúst. Neyðarvöktun og viðbragð verða tryggð þrátt fyrir lokun skrifstofunnar.

b. Greiningarvinna húsnæðis og aðstöðu

Tillaga um að stofnaður verði hópur starfsmanna og fulltrúa úr stjórn til að móta framtíðarstefnu um húsnæði og aðstöðu félagsins. Fulltrúar úr stjórn verða Ívar Karl Hafliðason og Hildur Þórisdóttir auk framkvæmdastjóra, sem er falið að tilnefna tvo úr hópi starfsmanna og kalla hópinn saman.

c. Samstarfsverkefni HEF veitna og Múlaþings

Stjórn telur mikilvægt að skilgreina þá verkþætti sem HEF veitur ættu að kosta í samstarfsverkefnum sveitarfélagsins og veitunnar í samræmi við starfsþáttagreiningu.

Framkvæmdarstjóra falið að vinna málið áfram í samræmi við umræður á fundinum.

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá.

Fundi slitið kl. 17:20

Fundargerð ritaði Ívar K. Hafliðason.

